

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆÐSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

106. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 9. júní 2009 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Dagskrá:

1. Viðræður við leikskólastjóra.
2. Viðræður við skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir, leikskólastjóri mætir á fundinn til viðræðna við fræðsluráð. Leikskólastjóri lagði fram lista um starfsfólk skólans á komandi skólaári. Af starfsmannahópnum eru tveir leikskólakennarar, fjórir leikskólakennaranemar, einn framhaldsskólakennari, þrír grunnskólakennarar, einn leikskólaliði og einn félagsliði. Þá fór leikskólastjóri yfir drög að skóladagatali 2009-2010. Fræðsluráð lýsir yfir ánægju með aukið menntunarstig starfsmanna og starfsemi leikskólans.
2. Sigurður Þór Ágústsson, skólastjóri grunnskóla er mættur til viðræðna við fræðsluráð. Sigurður fór yfir samantekt sína um niðurstöðu sparnaðaraðgerða frá sl. áramótum svo og tillögur sínar til sveitarstjórnar um frekari sparnaðaraðgerðir í tengslum við endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2009. Þær tillögur lúta að framkvæmdum og viðhaldi, starfsmannahaldi, fjármagni til sérverkefna og breytinga á stundaskrá. Fræðsluráð tekur undir og styður sparnaðartillögur skólastjóra. Sigurður lagði fram og rökstuddi svör við fyrirspurnum sem honum höfðu borist um atriði er snerta stoðþjónustu skólans. Þá lagði Sigurður fram drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2009-2010. Fræðsluráð samþykkir skóladagatalið fyrir sitt leiti.
3. Fram lagt erindi frá byggðarráði þar sem óskað er umsagnar um drög að reglum um skólaakstur. Það er skoðun fræðsluráðs að í reglunum þurfi að skýra betur hver sé skilgreindur biðtími, hvort um sé að ræða þann tíma frá því að lögbundinni kennslu lýkur og þar til barn stígur út úr skólabílum við heimili sitt eða hvort skilgreindur biðtími sé sá tími sem barn er í skólabílum. Það er skoðun fræðsluráðs að ef biðtími sé skilgreindur sá tími sem barn er í skólabíl þá styður fræðsluráð framlögð drög að reglum um skólaakstur.

Ragnheiður Sveinsdóttir sat fundinn af hálfu stafsmanna grunnskólans.

Pálína Fanney Skúladóttir sat fundinn af hálfu starfsmanna grunnskólans.

Guðrún Lára Magnúsdóttir sat fundinn f.h. Skólaráðs Grunnskóla Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:45

Fulltrúi T-lista boðaði forföll aðalmanns
og varamanns.

*Guðrún Lára Magnúsdóttir
Hildur Þórsson
Gunnar Ó. Birnir
Elin Jóna Rønning
Guðrúnur Ísleif.*